

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 340/2023

2024/EES/48/43

frá 8. desember 2023

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2122 frá 17. október 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 að því er varðar uppfærslu á vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽¹⁾.
- 2) C-liður 75. gr. t framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066, breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2122, varðar skýrslugjöf í skattalegum tilgangi samkvæmt landslöggjöf til lögleiðingar á gerðum Sambandsins varðandi skatta, tolla og innflutningsgjöld; gerðir sem falla utan gildissviðs EES-samningsins. Skýrslugjafarkvaðir samkvæmt c-lið 75. gr. t, gilda því ekki um EFTA-ríkin.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 21apj (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 2122:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2122 frá 12. október 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2122, 18.10.2023).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði c-liðar 75. gr. t gilda ekki um EFTA-ríkin.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/2122, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023 ⁽²⁾, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2122, 18.10.2023.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1419, 13.6.2024 og EES-viðbætur nr. 17, 13.6.2024, bls. 72.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1420, 13.6.2024 og EES-viðbætur nr. 17, 13.6.2024, bls. 76.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður